

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

35/1880

M. Jóhannesen verzlunarstjóri.
gegn
Jóni Erlendssyni.

D ó m u r :

Vottorð stefnuvottanna um birtingu yfirdómsstefnunnar í máli þessu ber með sjer, að stefnan ekki hefur verið birt hinum stefnda á heimili hans, en í birtingarvottorðinu segir, að hann hafi tekið hana eins gilda, eins og hún hefði farið þar fram. Með því nú að stefnuvottarnir aðeins hafa umboð til að votta samkvæmt stefnuvottaeiði sínum um það, af hverjum, hvernær, hvar og fyrir hverjum stefnan sje birt, sbr. tilskip. 3. júní 1796, 20. gr., verður vottorð þeirra um, að hinn stefndi hafi tekið gilda birtingu, sem fram fór utan heimilis hans, ekki tekið til greina sem fullsönnun fyrir þessu atriði, og með því að þannig vantar fulla sönnun fyrir, að stefnan sje löglega birt hinum stefnda, en hann hvorki hefur mætt nje mæta látið eptir henni, ber að vísa stefnunni frá yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Nr. 14/1880

Jón landshöfðingjaritari
Jónsson
gegn
Halldóri yfirkennara
Friðrikssyni

D ó m u r :

Mál þetta er eptir skipun stiptsyfirvaldanna og að fenginni gjafsókn höfðað í hjeradi af Halldóri Friðriksyni, yfirkennara við Reykjavíkurskóla gegn Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni útaf því, að Jón landshöfðingjaritari hefði við haft um sig meidandi ummæli í brjefi til rektors skólans dags. 23. desbr. f. á., og með dómi, kvednum upp í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 8. aprilmán. þ. á., eru hin átöldu ummæli dæmd dauð og marklaus og Jón landshöfðingjaritari Jónsson dæmdur í 100 kr. sekt til landssjóðs, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma, sem og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, eins og það ekki hefði verið gjafsóknarmál. Dómi þessum hefur Jón landshöfðingjaritari Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 29. aprilmán. þ. á., og hefur hann krafizt principaliter, að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum hins stefnda í málinu, en subsidialiter, að sekt sú, sem hann hafi verið dæmdur í, verði lækkuð svo mikið, sem frekast geti orðið, og að hinn stefndi, hver sem niðurstaðan verður, verði dæmdur til að greiða honum allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdóminum með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Ummæli þau, sem mál þetta er útaf risið, eru í því fólgin: «að hinn stefndi, með því beinlínis að hvetja undirmenn sína og rektors til óhlýðni og fyrirlitningar gagnvart forstjóra skólans eða skipunum hans eða öðru slíku athæfi, muni hafa komið því til leiðar, að hinn einasti lærði skóli landsins hafi verið hrópaður í útlandu blaði eða af correspondent þess hjer í Reykjavík

fyrir óstjórn», og að hinn stefndi hafi orðið sekur í »gjöræði og ósvífri». Þessi ummæli sín um hinn stefnda hefur áfrýjandinn viljað rjettlæta með því, að hinn stefndi hafi skipað dyraverði skólans að rífa niður auglýsingar, sem festar væru upp í skólanum, þó rektor leyfði eða hefði leyft að festa þær upp, en eins og það ekki er sannað gegn neituu hins stefnda, að hann hafi skipað að rífa niður slíkar auglýsingar, þó rektor hefði leyft að festa þær upp, heldur að eins, að hann hafi skipað dyraverði að rífa niður auglýsingar um skólann óviðkomandi málefni, sem kynnu að vera festar þar upp, þannig verður ekki betur sjæð, en að vald það, sem hinum stefnda er veitt af yfirstjórn skólans sem umsjónarmanni yfir húsum skólans, gefi honum fulla heimild til að banna að festa upp í skólabúsinu auglýsingar, sem ekki koma skólanum við. Hið annað, sem áfrýjandinn hefur komið fram með málstað sínum til rjettlætningar, er máli þessu óviðkomandi. Með því nú að framan greind ummæli verða að álitast mjög svo meiðandi fyrir hinn stefnda, og áfrýjandanum ekki hefur tekizt að sanna, að þau væru á neinum rökum byggð, ber samkvæmt kröfu hins stefnda að dæma þau dauð og ómerk, eins og líka áfrýjandinn ekki getur komist hjá að sæta ábyrgð fyrir þau samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og virðist hegningin þá ekki verða ákveðin lægri en gjört er í dómi hjeradsrjettarins, sem sje 100 kr. sekt til landssjóðs, sem afplánast með 30 daga einföldu fangelsi, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma.

Samkvæmt framan sögðu ber að staðfesta undir-rjettardóminn einnig að því er snertir málskostnað í hjeradi, og ber áfrýjandanum einnig að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdóminum með 15 krónum.

Að því leyti sem málið hefur verið gjafsóknarmál í

hjeraði, hefur flutningur þess verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn í þessu máli á óraskaður að standa. Afrýjandanum, Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, ber að greiða hinum stefnda, Halldóri yfir kennara Friðrikssyni, 15 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 27. septbrmán.

Nr. 36/1880

Sigurður Sigurðsson

gegn

Páli Eyjólfssyni

Dómur:

Mál þetta er þannig vaxið, að hinn stefndi, Páll Eyjólfsson, fjekk 13. desbrmán. 1876 að láni hjá áfrýjanda 800 kr.; skyldi hann af láni þessu greiða 4% ársvexti og lúka láninu aptur 14. júnímán. 1877. En síðar samdist svo þeirra Sigurðar og Páls í milli, að borgun höfudstóls og vaxta mætti bíða til 11. desbr. 1877. 19. febrúar 1878 gaf Sigurður hinum stefnda enn á ný borgunarfrest til 12. maí 1878. Með því hinn stefndi ekki stóð í skilum, höfðaði Sigurður mál á hendur honum fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar, og með dómi, sem kveðinn var upp í því máli fyrir nefndum rjetti 13. maímán. þ. á., var hinn stefndi dæmdur til að greiða áfrýjandanum 800 kr. með 4% vöxtum frá 13. desbr. 1876, að frádrægnum 53 kr., 22 a. — en svo mikið var hann búinn að greiða upp í vextina — og 4% vexti af nefndri skuld frá því mál þetta var